

# GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



AÐALFUNDUR fyrir árið 2013







# Skýrsla stjórnar GV starfsárið 2013



## Stjórn, nefndir og starfsfólk

Á aðalfundi GV 2. febrúar 2013 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn starfsárið 2013 og skipti stjórn svo með sér verkum: Helgi Bragason, formaður, Haraldur Óskarsson, varaformaður, Hörður Óskarsson, gjaldkeri, Jón Árni Ólafsson, ritari og Böðvar Bergþórsson, meðstj. Til vara voru kjörnir Sigurjón Pálsson og Hörður Orri Grettisson.

Haldnir voru 14 bókaðir stjórnarfundir og auk þess var fjöldi funda í nefndum og ýmsir vinnufundir vegna sérstakra verkefna.

Kjörnir endurskoðendur, Gunnar Gunnarsson og Guðni Sigurðsson og til vara Gísli Jónasson.

Fastanefndir voru eftirfarandi og formenn:

Kappleikjanefnd: Jón Árni Ólafsson form.

Vallar- og húsnefnd: Ríkharður Hrafnkelsson form

Aganefnd: Kristján Ólafsson form.

Unglinga og afreksnefnd: Hörður Orri Grettisson form.

Markaðs og kynningarnefnd: Helgi Bragason form.

Kvennanefnd: Erla Fanný Sigþórsdóttir form.

Öldunganefnd: Haraldur Óskarsson form.

Eftirtaldir gegndu stjórnunarstörfum fyrir GV á starfsárinu:

Framkvæmdastjóri: Elsa Valgeirsdóttir.

Vallarstjóri: Örlygur Helgi Grímsson.

Yfirþjálfari/umsjónarmaður unglunga: Einar Gunnarsson PGA kennari

Í sumari voru 23 starfsmenn í vinnu hjá GV í rúmlega 7 stöðugildum. Þá voru 2 starfsmenn í vinnu hjá klúbbnum frá Vestmannaeyjabæ í gegnum vinnuskóla. Auk þess voru fjöldi félagsmanna sem unnu í ýmsum sjálboðaliðastörfum fyrir klúbbinn.

Gunnar Gunnarsson fyrrum formaður GV hefur setið í stjórn GSÍ um nokkurt skeið og var endurkjörinn á síðasta golfþingi í nóvember 2013.

Stjórn GV þakkar öllum þeim sem störfuðu fyrir klúbbinn fyrir vel unnin störf.

## Mótahald



Árið 2013 voru skráð mót klúbbsins á [www.golf.is](http://www.golf.is) 24 og heildarþátttakendafjöldi var 1.125 þáttakendur eða um 47 þáttakendur að meðaltali í hverju móti. Af þessum 24 mótum voru 14 auglýst sem opin mót og þáttakendafjöldi í þeim um 900 eða að meðaltali 64.

Auk skráðra móta á [www.golf.is](http://www.golf.is) voru haldin fjölmenn boðsmót hjá Eimskip og Íslansbanka, nokkur innanfélagsmót, unglíngamót og mótarið öldunga GV.

Ljóst er að meðalfjöldi í mót var undir meðaltali undafarinna ára og ástæða fyrir kappleikjanefnd og stjórn klúbbsins að fara vel yfir ástæður þessa og skoða hvað gera má betur í skipulagi og umgjörð móta. Sumarið 2013 var mjög óhagstætt veðurfarslega auk þess sem samgöngur voru erfiðar á köflum og eru það atriði sem ekki er hægt að ráða við. Til dæmis þá hafði nokkur fjöldi gesta af fastalandinu boðað komu sína á 75 ára afmælimót GV þann 31. ágúst en þann laugardag var hvorki flogið né siglt á milli lands og Eyja. Önnur atriði eins og fyrirkomulag móta, umgjörð og verðlaun eru mál sem forsvarsmenn móta hjá GV hafa stjórn á og þar er gott fyrir okkur að fara strax eftir aðalfund í það að skoða hvar við getum gert betur.

Stærsta einstaka mót sumarsins var Icelandair Volcano Open golfmótið sem haldið var í samstarfi við Icelandair í áttunda skiptið. 147 þátttakendur voru skráðir til leiks og tókst mótið að vanda mjög vel á 40 ára goslokaafmæli. Undirbúningur fyrir Icelandair Volcano open 2014 er þegar hafinn og stefnir allt í gott mót í ár og þegar byrjaðar að berast skráningar í mótið.

Eitt stigamót á Eimskipsmótariðinni, Securitas mótið, var haldið í Eyjum helgina 7. – 9. Júní og voru þátttakendur 94 talsins. Mótið tókst vel en Sigurvegarar á mótinu voru:

Í kvennaflokki: Anna Sólveig Snorradóttir, GK, 223 högg, +13

Í karlaflokki: Haraldur Franklín Magnús, GR, 209 högg, -1

Örlygur Helgi Grímsson, GV, endaði í þriðja sæti á 211 höggum, +1



Sveitakeppni GSÍ, 2. deild karla fór fram í Eyjum 16. – 18. ágúst og endaði sveit GV í þriðja sæti og spilar því áfram í annarri deild sem eru vonbrigði en vonir stóðu til að okkar menn færu upp í 1. deild. Borgnesingar sigruðu sveitakeppnina og Akurnesingar urðu í öðru sæti.

Stærstu mótin sem haldin voru í Eyjum sumarið 2013 voru eftir þáttakendafjölda:

Icelandair Volcano Open 147 þátttakendur

Stigamót GSÍ, 94 þátttakendur

Kiwanis Oddfellow Akoges, 70 þátttakendur

Meistaramót GV, 70 þátttakendur

Opna sjómannamót Ísfélags Vestmannaeyja 67 þátttakendur

Afmælimót 75 ára hjá GV 65 þátttakendur

Opna Íslandsbankamótið 65 þátttakendur.

Á ársþingi GSÍ í nóvember 2013 voru kynnt drög að mótaskrá GSÍ fyrir árið 2014 og verður sveitakeppni öldunga 2. deild haldin í Eyjum í ágústmánuði en vegna fyrirhugaðra framkvæmda við 15. flöt verður ekki stigamót á GSÍ mótaröðinni í Eyjum árið 2014. Á sama þingi var lögð fram áætlun um Íslandsmót til næstu 5 ára og var samþykkt að íslandsmótið í höGGLEIK verði í Eyjum árið 2018 á 80 ára afmæli GV. Höfðum við sótt hart eftir því að fá mótið til Eyja á 80 ára afmælinu og er það ánægjulegt en um leið mikil áskorun fyrir GV að fá að halda mótið.

Mikil umræða hafði skapast hjá forsvarsmönnum sumra klúbba á höfuðborgarsvæðinu um það að íslandsmót í golfi sé aðeins hægt að halda í Reykjavík. Því hafa forsvarsmenn GV harðlega mótmælt og bent á það að með slíkri ákvörðun væri verið að kljúfa golfhreyfinguna. Hitt er svo annað mál að gera verður kröfur til þeirra sem halda íslandsmót í golfi um að aðstaða sé góð og eru þá helstu atriði að golfvöllurinn sé í nægjanlega góðu ástandi, klúbbhús og aðstaða sé góð og völlurinn sé vel sjónvarpstækur auk annarra atriða. Íslandsmót í golfi var síðast haldið í Eyjum árið 2008 á 70 ára afmæli GV og var mótið mjög eftirminnilegt en mikill vindur var á lokadegi og mikil dramatík á 16. teig á lokadegi. Erum við sannfærð um að Golfklúbbur Vestmannaeyja eigi og geti haldið Íslandsmót í golfi með sóma.

## Völlurinn og Golfskálinn



Eftir mjög góðan febrúarmánuð, hlýjan og mildan, tók gróður við sér og nokkur spenna var í loftinu fyrir vorinu, en þá komu mars og apríl kaldir og óskemmtilegir. Lítið gerðist í gróðri þessa tvo mánuði og var það ekki fyrr en 23.apríl sem rennt var yfir flatir og fært inn á. Er þetta óvenju seint á mælikvarða okkar Eyjamanna. Sumarið einnkenndist af mikilli ótíð, vætu, vindi og lágum hita, var mjög ólíkt því sem við höfum vanist undanfarin ár. Líðið ár var því með dapprara móti til golfiðkunar. Það sem af er vetri hefur tíðin verið mjög mild og í dag er völlurinn snjólaus og laus við klaka, ólíkt stöðunni á íþróttavöllum annars staðar á landinu. Þetta veit vonandi á gott fyrir vorið á golfvöllinum hér í Eyjum. Um miðjan mars var gerð tilraun með að bera á kjötmjöl á nokkra bletti. Kögglad mjöl var borið á hluta af 13., 15. og 16. brautir og virtist það ekki gefa góða raun, en hinsvegar var fínt mjöl borið á t.d. 6. og 9. teig og kom það mjög vel út. Í skoðun er að nota kjötmjölið í enn meira mæli á þau svæði þar sem jarðvegur er frekar rýr, sérstaklega vegna þess að mjölið er mikið ódýrara en tilbúinn áburður.

Völlurinn hefur ekki verið ásættanlegu ástandi undanfarin ár og var því tekin sú ákvörðun að leita aðstoðar hjá Bjarna Hannessyni grasvallarfræðingi og vallarstjóra hjá GK og var gerður við hann samningur um faglega úttekt og ráðgjöf varðandi völlinn og heimsótti hann okkur nokkur skipti árið 2013. Bjarni heimsótti okkur fyrst 27.apríl, skoðaði völlinn og tók jarðvegssýni. Kom hann með nokkrar athugasemdir varðandi umhyrðu vallarins, s.s. að bæta þyrfti mikið götun og söndun á flötum. Þá kom í ljós að megin vandamálið á þeim flötum sem verst voru farnar var að jarðvegurinn væri orðinn alltof saltur. Ráðið við því væri að byggja flatirnar rétt upp svo auðveldara yrði að skola þær eftir verstu sjógusurnar. Ákveðið hefur verið að endurbyggja fimmtánda flöt á þessu ári samkvæmt ráðleggingum Bjarna. Er það von okkar að þessar heimsóknir Bjarna og í kjölfarið ráðleggingar sem við höfum fengið í tveimur ítarlegum skýrslum, verði til þess að hjálpa okkur að bæta og laga völlinn. Rétt er að benda á að þolinmæðin þrautir vinnur allar og að bæta gróður er langtíma verkefni. Munum við áfram leita ráðgjafar hjá Bjarna í þessu uppbyggingar ferli.



Á næsta starfsári er nauðsynlegt að undirbúa þær lagfæringar sem talið er að þurfi að gera á vellinum, s.s. endurbætur og færslur og lokun og breytingar á glompum. Einnig er nauðsynlegt að koma öflun og geymslu á sandi í betra horf en hefur verið. Á þetta við bæði svartan og gulan sand. Fyrirhugað er að fara í að steypa upp sandþrær og útbúa efnisvinnslusvæði á svæðinu austan við 14. flöt.

Um mitt ár fóru af stað þreifingar á milli GV og ÍBV um samstarf varðandi umhirðu golfvallarins og knattspyrnuvallanna með það í huga að bæta vellina. Niðurstaðn varð sú að GV auglýsti eftir menntuðum grasvallarfræðingi til starfa og myndi síðan selja ÍBV hluta af hans vinnu til yfirumsjónar með umhyrðu knattspyrnuvallanna. Allt var þetta gert með það í huga að fá menntaðan grasvallarfræðing til starfa við golfvellina og íþróttavelli bæjarins á ársgrundvelli. Á haustdögum var Guðgeir Jónsson ráðinn í starfið og mun hann koma til starfa þann 1.mars næstkomandi. Er hann ráðinn í heilsársstarf hjá GV en gerður verður samningur við ÍBV um þjónustu starfsmannsins við aðra íþróttavelli bæjarins en golfvöllinn.

Við höfum notið aðstoðar og ráðleggingar hjá Guðmundi Guðmundssyni vélvirkja hjá MHG við úttekt og lagfæringar á vélum og tækjum. Kom hann í heimsókn í lok janúarmánaðar til að taka út vélakostinn og gefa okkur skýrslu um ástandið. Í framhaldinu er ætlunin að meta þörfina á endurnýjun og einnig hvaða tæki þurfa að vera til staðar í auknu samstarfi við ÍBV vegna íþróttavallanna. Á árinu var fjárfest í sturtuvagni og sjálfkeyrandi vatnsúðara til að nota á brautir. Fjárfestingin í vatnsúðaranum hefur enn ekki skilað sér en mun örugglega koma að góðum notum þegar fram í sækir. Vatnsúðarinn hefur enn ekki verið vígður, sem lýsir vel veðurfarinu sumarið 2013. Fyrir stuttu komu nokkrir félagar saman og voru smíðuð ný teigmerki því sú þörf var orðin aðkallandi. Stefnt er að því að málun á teigmerkjunum verði lokið áður en fært verður á teiga í vor.

Örlygur Helgi Grímsson vallarstjóri stýrði umhirðu vallarins eins og undanfarin ár og einnig sá hann, ásamt Aðalsteini Ingvarssyni um þær framkvæmdir sem unnar voru. Helst er að nefna vatnslögnina að 10., 11. og 12. flöt. Þó ekki hafi verið þörf fyrir vökvun þetta sumarið þá hefur verið mikil þörf fyrir þessar viðbætur á vatnslögninni. Svo var gervigrasteigurinn á 8. teig kláraður. Örlygur lét af störfum sem vallarstjóri á haustdögum og viljum við þakka honum hans störf fyrir GV.

Unnið var áfram við að klára tækjageymsluna en stóra verkefnið í uppbyggingu mannvirkja var hið nýja æfingahúsnæði sem steipt var upp í vor. Framkvæmdin er langt á veg komin og nú nýlega voru settar hurðar í bygginguna og búið er að grafa fyrir rafmagnslögnum og vonandi verður komið rafmagn í húsið í febrúarmánuði 2014. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er um 18 milljónir og fékk GV styrk frá Vestmannaeyjabæ árið 2013 uppá 10 milljónir króna og þá fengum við góðan styrk frá Ísfélagi Vestmannaeyja og úr minningarsjóði Gunnlaugs Axelssonar og var sjóðnum slitið í kjölfarið. Restina af framkvæmdakostnaði eða um 6 milljónir króna hefur og mun klúbburinn framkvæma með sjálfboðavinnu og með eigin fé. Þá má geta þess að Haraldur Óskarsson var í hálfan mánuð í vinnu launalaust við bygginguna á vegum Net ehf og er það styrkur Net ehf til klúbbsins. Klúbburinn færir öllum þeim, sem gerðu okkur kleift að ráðast í þessa framkvæmd, bæði með styrkjum og sjálfboðaliðavinnu, bestu þakkir. Húsið er komið í notkun og nýtist vel m.a. við unglinga- og nýliðaæfingar og verður það vonandi að mestu klárað fyrir sumarið 2014. Æfingaskýlið var formlega tekið í notkun á 75 ára afmælistóti klúbbsins í lok ágúst.

Á árinu 2013 gerði GV samkomulag við Vestmannaeyjabæ um að leggja, á kostnað bæjarins, göngustíg með hamrinum þ.e. frá Mormónastyttunni suður fyrir 14. flöt. Hófst sú framkvæmd fyrir áramót og er stefnt að því að henni verði lokið fyrir sumarið.

Vallarnefndin hélt alls sjö bókaða fundi á árinu og svo funduðu flesta þriðjudagsmorgna frá því í apríl og fram á haust, framkvæmdastjóri, vallarstjóri og formaður nefndarinnar þar sem tekin var staðan eins og hún var á hverjum tíma.

## Unglinga og afreksstarf



Hlutfall barna og unglunga í GV er mjög hátt og er barna-, unglunga- og afreksstarf stór þáttur í starfi klúbbsins og var engin undantekning á því seinasta sumar.

Karlasveit GV keppti í Sveitakeppni GSÍ, sveitin spilaði í 2. deild eftir að hafa farið niður um deild árið á undan og fór keppnin fram hér í Vestmannaeyjum. Sveitin stóð ekki undir væntingum á heimavelli og tókst ekki að tryggja sér sæti á meðal þeirra bestu aftur. Sveitina skipuðu : Örlygur Helgi, Gunnar Geir, Karl Haraldsson, Hallgrímur Júlíusson, Rúnar Þór Karlsson, Jón Valgarð Gústafsson og hinn efnilegi Daníel Ingi Sigurjónsson. Liðsstjóri líkt og áður var Sigurður Bragason.

Öldungastarfið var mjög öflugt á árinu. Sveit eldri kylfinga spilaði í fyrstu deild á Akureyri en gekk ekki vel og féllu þeir í aðra deild sem voru vonbrigði eftir góðan undirbúning. Sveitakeppni GSÍ, 2. deild, hjá öldungunum verður haldin í Eyjum sumarið 2014 og vonandi náum við að endurheimta sætið í 1. deild. Mjög gott og öflugt starf hefur verið starfrækt á vegum öldunganefndar, mótaröð er haldin til viðmiðunar við val í sveitina og hefur það fyrirkomulag gefist vel. Öldungastarfið er mjög gott, og er mikill hugur í öldunganefndinni að gera enn betur og hafa þeir þegar hafið undirbúning fyrir starf ársins 2014. Aðrir afrekskylfingar klúbbsins mættu taka sér félagsstarf öldunganna sér til fyrirmyndar.

Vestmannaeyjameistarar GV árið 2013 eru Örlygur Helgi Grímsson og Katrín Harðardóttir. Örlygur Helgi var jafnframt valinn kylfingur ársins árið 2013 í sjöunda sinn og það verðskuldað.

Stjórn klúbbsins hefur unnið að því leynt og ljóst að efla enn freka barna og unglungastarf á komandi árum. Stór partur af þeirri vinnu var að klúbburinn réði Einar Gunnarssons PGA golfkennara til að sjá um barna og unglungastarf klúbbsins. Hann hefur líka komið að nýliða- og kvennastarfi klúbbsins. Stjórnin er mjög ánægð með störf Einars og hefur náð samningum við hann um áframhaldandi störf fyrir klúbbinn og aukið starfshlutfall.



Líkt og undanfarin ár var starfræktur Golfskóli Sparisjóðsins ásamt því að æfingar fyrir alla aldurshópa, stráka og stelpur voru stundaðar. Er það mál manna að mjög gott starf hafi verið unnið, er Einari og hans aðstoðarmönnum þakkað kærlega fyrir. Einar hefur komið öflugur að öllu barna-unglinga og nýliðastarfi hjá GV og hefur náð góðum árangri með bæði unga sem aldna félagsmenn. Einar hefur náð að koma á öflugu foreldraráði hjá GV og í dag erum við með afrekshóp unglunga sem æfir allt árið, yfir vetrarmánuðina er Ragnar Guðmundsson með þá einu sinni í viku auk þess að Einar kemur reglulega og er með æfingar.

GV sendi annað árið í röð sveit í Sveitakeppni GSÍ 16 ára og yngri. Keppnin fór fram á Hellishólum, strákarnir voru sér og klúbbnum til mikils sóma. Sveitina skipuðu: Daníel Ingi Sigurjónsson, Ágúst Emil Grétarsson, Hákon Jónsson, Lárus Garðar Long, Kristófer Tjörvi Einarsson og Jörgen Freyr Ólafsson. Þetta eru allt mjög efnilegir strákar sem klúbburinn væntir mikils af í framtíðinni.

Hjá einstaklingum voru nokkrir sem stóðu sig vel í keppni við þá bestu á landinu. Ragnar Guðmundsson varð íslandsmeistari 70 ára og eldri í annað sinn sem er glæsilegur árangur. Unglingar okkar tóku nú nokkrir þátt í áskorendamótaröð GSÍ, sem er landskeppni unglunga og gerði Lárus Garðar Long sér lítið fyrir og sigraði sinn flokk. Vonandi verður áframhald á þátttöku unglunganna okkar í keppni þeirra bestu. Örlygur Helgi Grímsson tók þátt í stigamótinu sem haldið var í Eyjum og náði þar þriðja sæti.

Ásamt því að hafa ráðið fullgildan PGA kennara til klúbbsins steig stjórnin annað stórt skref í eflingu á afreks-, barna- og unglungastarfi klúbbsins á árinu þegar yfirbyggt æfingasvæði var formlega tekið í notkun á 75 ára afmælistóti klúbbsins í lok ágúst. Ljóst er að æfingasvæðið mun gjörbreyta allri æfingaaðstöðu klúbbsins og þegar það verður endanlega risið verður það klúbbnum til mikils sóma. Æfingar hófust í húsinu núna strax á nýju ári og hafa þær gengið vel. Ragnar Guðmundsson hefur tekið að sér að kenna unglungum og nýliðum þangað til Einar kemur alfarið í vor og hefur gert það með sóma og á bestu þakkir fyrir en mjög góð mæting hefur verið á æfingarnar nú í byrjun þeirra og nýir félagar byrjaðir að bætast í klúbbinn og er ánægjulegt að segja frá því að flestir nýliðarnir eru kvenfólk.

Auk þess að skapa góða aðstöðu til æfinga og hafa góða leiðbeinendur í starfinu er þáttur foreldrastarfs í kringum unglungana lykilatriði í því að byrja gott unglunga og svo afreksstarf. Foreldrastarfið hefur verið að eflast og í lok marsmánaðar er fyrirhuguð æfingarferð til Spánar fyrir unglunga klúbbsins og er áætlað að 10 krakkar frá GV muni dvelja á Spáni við æfingar í átta daga ásamt Einari kennara og fararstjórum. Er það von klúbbsins að þessi ferð og bætt aðstaða klúbbsins ásamt góðu foreldrastarfi, allt undir leiðsögn Einars, verði grunnurinn að því að við náum að koma GV aftur á kortið í keppni þeirra bestu í framtíðinni.

## Félagsstarf, notkun golfvallar



Félagafjöldi í GV er nánast óbreyttur á milli ára og eru í dag um 365 félagar yfir 16 ára í GV og um 75 15 ára og yngri, samtals um 440 félagar eða um 10% af heildarfölda bæjarbúa sem teljast verður nokkuð gott hlutfall. GV er 10 stærsti klúbbur landsins talið í fjölda félaga. Stærstur er GR með um 2.800 féлага og tvo golfvelli, GKG er með um 1.900 féлага, GK með rúmlega 1.400 og GO með um 1.100. Þeir klúbbar sem við berum okkur oft saman við hvað varðar rekstrartölur og fleira varðar eru td. GA með um 680 féлага, GS með um 480 féлага og GL með um 405 féлага. Golfklúbbar landsins eru 65 talsins og heildarfjöldi félaga í golfklúbbum er á árinu 2013 16.602 eða um 5% landsmanna, flestir þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu eða um 10.000. Oft er talað um að 18 holu golfvöllur þoli amk. 1.000 féлага og því er mikið svigrúm fyrir GV til að auka við félagafjölda og notkun á vellinum. Félagafjöldi í GV hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár en fjöldi félaga í golfklúbbum á Íslandi hefur nær því tvöfaldast frá árinu 2000 til ársins 2013 eða frá 8.500 í 16.602 en örlítil fækkun varð á heildarfjölda félaga í golfklúbbum árið 2013. Þrátt fyrir að fjöldi félaga hafa ekki aukist mikið hjá GV hefur notkun á vellinum aukist til muna og er ástæðan helst aukning aðkomumanna sem helgast af fleiri golfurum, bættum samgöngum til Eyja og góðri aðstöðu hér í Eyjum.

Skráðir unglingar í GV eru um 75 sem er sjötti mesti fjöldi yfir klúbba á landinu en GV hefur alltaf lagt mikið í barna og unglिंगastarf og í rauninni greiðir klúbburinn með því starfi en stjórn hefur litið á það framlag sem fjárfestingu til framtíðar. Gott barna og unglिंगastarf nýtur velvildar okkar samfélags og býr til félagsmenn framtíðarinnar.

Alltaf er gott að taka samanburð við aðra klúbba og vil ég nefna nokkrar lykiltölur í samanburði við þessa samanburðarklúbba sem ég nefndi hér að framan þ.e. GA, GS og GL.

### GA

Félagafjöldi: (skv. ársskýrslu GSÍ) 677, 15 ára og yngri 115 og 16 ára og eldri 562

Heildartekjur: 80 millj, þ.a. árgjöld um 31,5 millj eða 46.500 per félagsmann

Tekjur per féлага: 118 þús

Heildargjöld: 78 millj

Afkoma: - 1.400.000



Fullt árgjald: 74 þús  
Skuldir: 45 millj  
Eigið fé: 15 millj

#### GS

Félagafjöldi: (skv. ársskýrslu GSÍ) 480, 15 ára og yngri 37 og 16 ára og eldri 443  
Heildartekjur: 60 millj, þ.a. árgjöld um 24,5 millj eða 51.000 per félagsmann  
Tekjur per féлага: 125 þús  
Heildargjöld 56,5 millj  
Afkoma: +2.000.000  
Fullt árgjald: 70 þús  
Skuldir: 19 millj  
Eigið fé: 72 millj

#### GL

Félagafjöldi: (skv. [www.leytir.is](http://www.leytir.is)) 405  
Heildartekjur: 67 millj, þ.a. árgjöld um 16 millj eða 39.500 per félagsmann  
Tekjur per féлага 165 þús  
Heildargjöld 51 millj  
Afkoma: +3.000.000  
Fullt árgjald: 71 þús  
Skuldir: 18 millj  
Eigið fé: 99 millj

#### GV

Félagafjöldi: (skv. ársskýrslu GSÍ) 439, 15 ára og yngri 74 og 16 ára og eldri 365  
Heildartekjur: 65 millj/75 millj með æfingarsvæðisframlagi, þ.a. árgjöld um 16 millj eða 36.500 per félagsmann  
Tekjur per féлага: 148/171 þús  
Heildargjöld 60 millj  
Afkoma: + 2.200.000/12.200.000  
Fullt árgjald: 60 þús (ath. 2013)  
Skuldir: 39,5 millj  
Eigið fé: 144 millj

Samanburður þessi er fróðlegur en það skal tekið fram að þessi samanburður á lykiltölum gefur ekki í öllum tilfellum rétta mynd m.a. vegna mismunandi skráningar bókhalds og félaga á milli klúbba. Þá ber að geta þess að á undanförunum árum hefur aðkoma sveitarfélaga að rekstri verið mismunandi en eignir framangreindra klúbba td. golfskáli eða golfvöllur hefur í einhverjum tilfellum verið yfirtekið eða selt til sveitarfélaga sem hefur þá minnkað skuldir og um leið eignir viðkomandi klúbbs og þá er mismunandi hvernig golfvöllur er færður í ársreikninga klúbbana. Hjá GV er golfvöllurinn færður sem eign ásamt vélum undir fastafjármunum uppá 99 milljónir króna og myndar því stóran hluta af eigin fé klúbbsins. En það sem er athyglivert er að heildartekjur GV eru tiltölulega háar en tekjur af árgjöldum lágar sem m.a. endurspeglar lágt árgjald og einnig hátt hlutfall unglunga og barna sem greiða lægra árgjald. GV á miklar eignir sem er í samræmi við þá miklu uppbyggingu á eignum sem GV hefur staðið í undanfarin ár, að mestu á kostnað klúbbsins. GV er líklega eina íþróttafélagið í Vestmannaeyjum sem á og rekur sín íþróttamannvirki sjálf en Vestmannaeyjabær á og rekur flest önnur íþróttamannvirki.

Í síðustu ársskýrslu var fjallað um þá miklu fjármuni sem Vestmannaeyjabær hefur á undanförunum árum lagt í uppbyggingu íþróttamannvirkja í Eyjum, nú síðast um 500 milljónir króna í nýtt knattspyrnuhús, mikið hefur verið byggt upp við íþróttahús og sundlaug bæjarins og knattspyrnuvelli. Hefur stjórn GV á undanförunum árum átt í viðræðum við forsvarsmenn Vestmannaeyjabæjar og lagði Vestmannaeyjabær 10 milljón kr. framlag til uppbyggingar

æfingasvæðis árið 2013 í tengslum við 75 ára afmæli klúbbsins og í þrjú ára áætlun Vestmannaeyjabæjar er gert ráð fyrir 15 milljóna króna framlagi á ári, árin 2014, 2015 og 2016 til uppbyggingar á aðstöðu GV. Fyrstu 15 milljónirnar munu koma til greiðslu á árinu 2014 og áætlum við að nota þær til að byggja upp 15. flötina, klára æfingaskýlið, til uppbyggingar á sandþróm austan við 14. flöt og til frekari uppbyggingar á vellinum.

Gott samband og góð samvinna stjórnar og starfsmanna klúbbsins við félagsmenn, bæjaryfirvöld, bæjarbúa og fyrirtæki eru okkur lífsnauðsynleg og hefur stjórn lagt mikla vinnu í að rækta það samband og fengum við góða styrki á árinu m.a. í tengslum við uppbyggingu æfingasvæðisins og er liðurinn framlög og styrkir mjög hár í ársreikningi klúbbsins fyrir árið 2013 samanborið við árið 2012 og einnig í samanburði við aðra klúbba.

Eins og við þekkjum er aðgengi að vellinum gott og við höfum talsvert svigrúm til að bæta við okkur félagsmönnum og notum á vellinum. Félagafjöldi hefur staðið í stað undanfarin ár en á árunum 2011 og 2012 varð talsverð aukning í notkun aðkomumanna. Bakslag var í notkun á vellinum á árinu 2013, einkum hjá aðkomamönnum og er það í samræmi við reynsluna hjá öðrum klúbbum á landinu og ræður þar slæmt veður öllu. Tekjur af notkun vallar lækkuðu hjá flestum klúbbum landsins frá 10% og uppí 50%. Rástímaskráning hefur verið í þróun hjá okkur en erfitt hefur verið að temja heimamenn til að skrá sig á völinn. Notkun á vellinum okkar frá maí og út ágúst 2012 var um 13 þús hringir og áætlum við að þeir hafi verið um 12 þús árið 2013 en það skal ítrekað að skráningin er ekki fullkomin

Af framansögðu er ljóst að Golfklúbbur Vestmannaeyja stendur í dag mjög vel en mörg krefjandi verkefni eru framundan. Ber þar hæst uppbygging á nýrri 15. flöt á árinu og skiptir okkur miklu máli til framtíðar að sú framkvæmd takist vel og við getum tekið nýja flöt í notkun sem fyrst en ljóst er þó að nota þarf bráðabirgðaflöt árið 2014. Ákvörðun um næstu skref gagnavart öðrum flötum þarf að taka á árinu og nota þá reynsluna við 15. flötina.

Eins og fram kom að framan er fyrirhugað Íslandsmót í golfi í Eyjum árið 2018 og þurfum við að loknum þessum aðalfundi að fara í stefnumótun á öllu okkar starfi sem miðar að því að við verðum enn öflugri fyrir þá miklu áskorun. Það er af ýmsu að taka og eigum við að stefna hátt á öllum sviðum. Einn af þeim þáttum í starfi Golfklúbbs Vestmannaeyja sem við þurfum að efla er félagsstarfið sjálft þ.e. að efla notkun, þátttöku og félagsanda klúbbmeðlima. Starf öldunganefndar hefur verið öflugt á síðustu misserum og nýliða- og unglíngastarf er að eflast m.a. með bættri aðstöðu og vinnu Einars kennara og Ragnars Guðmundssonar sem lýst var hér að framan. Þurfum við m.a. að rífa upp þessi gömlu góðu innanfélagsmót eins og Jónsmessumót og Bændaglímu, hugmyndir hafa verið uppi um mótaraðir í miðri viku en þær tilraunir hafa ekki borið árangur en við þurfum að reyna þær áfram. Við þurfum að efla enn frekar starf í minni golfhópum í klúbbnum. Allt þetta byggist á jákvæðri þátttöku félagsmanna sjálfra en stjórn, nefndir og starfsmenn þurfa að búa og skipuleggja umgjörðina. Þá hafa einnig verið uppi hugmyndir um að taka aftur upp klúbbkeppni við annan klúbb en síðast vorum við í slíkum keppnum við Nesklúbbinn en lagðist það af í kringum árin 2003 – 2004.

Í byrjun maí 2014 er fyrirhugað Skotlandsferð félaga í GV sem skipulögð er af þeim bræðrum Haraldi og Herði Óskarssonum og hinum hundtrygga aðstoðarmanni þeirra Gunnlaugi Grettissyni. Þetta verður fimmta ferðin sem farin er á Dundeesvæðið og munum við m.a. heimsækja st. Andrews, Carnoustie og keppa í golfi við klúbbfélaga í ScotsCraig klúbbnum sem er fornfrægur klúbbur rétt við Dundee og byggja upp venskap við þá félaga.

GV er í vinaklúbbasamstarfi við eftirtalda klúbba: Kjöl Mosfellsbæ, Selfoss, Hveragerði, Borgarnes, Mostra Stykkishólmi, Sandgerði, Grindavík, Keflavík, Flúðir og Hellu. Í flestum tilfellum er um að ræða 50% gagnkvæman afslátt af vallargjöldum.

## Fjármál og rekstur



Daglegur rekstur klúbbsins gekk vel á árinu þrátt fyrir erfiða tíð, stopular samgöngur og minnkandi tekjur af sölu vallargjalda og mótsgjalda. Áætlanir miðuðu að því að hækka tekjur úr 57 milljónum í 63 milljónum eða um 10 % á milli ára en niðurstaðan varð að tekjur jukust í 65 milljónir þrátt fyrir að tekjur af mótum og vallargjöldum lækkuðu um 4 milljónir á milli ára eða 22% og söluverðmæti í golfskála lækkaði einnig um 350 þús eða 3,5% þrátt fyrir hækkun verðlags. Munar þar mest um að við náðum að auka framlög og styrki til klúbbsins verulega á árinu og tókum að okkur verkefni við stígagerð sem kemur á þessu ári fram í auknum tekjum og auknum gjöldum um c.a. 4 milljónir undir hvorum lið. Rekstrarkostnaður jókst um 15% og er nú um 60.000.000 en taka skal fram að aukin útgjöld tengjast, stígagerðinni, uppbyggingu við mannvirki klúbbsins og framkvæmdir á velli m.a. lagningu vatnslagnar. Framlag Vestmannaeyjabæjar til uppbyggingar æfingasvæðis var 10 milljónir. Afgangur af rekstri fyrir fjármagnsliði og afskriftir var því um 15.000.000 sem er mjög góð niðurstaða í erfiðu árferði. Heildartekjur GV af árgjöldum þ.m.t. af golfskóla voru um 16 milljónir samanborið við 14,2 milljónir árið á undan.

Lausafjárstaða er ágæt og hefur stjórn lagt á það áherslu að eiga alltaf nægt laust fé til að mæta daglegum rekstri, launum, afborgunum lána og nauðsynlegum útgjöldum og hefur ekki þurft að reka klúbbinn á yfirdrætti. Langtímaskuldir eru í dag um 30 milljónir og er þar um að ræða eitt lán hjá Íslandsbanka sem er í dag á 8% vöxtum og greiðum við því um 2,4 milljónir á ári í vexti eða 4% af öllum tekjum klúbbsins. Stjórn hefur lagt á það áherslu að lækka skuldir klúbbsins og mun gera áfram og þá þarf að skoða í náninni framtíð alla möguleika á því að lækka vaxtakostnað við langtímalán klúbbsins.

Tekjur af flatargjöldum og mótum lækkuðu eins og að framan segir en markmið er auka þær tekjur til lengri tíma. Þau markmið eru bundin við það að samgöngur milli lands og Eyja verði eðlilegar auk þess sem veðurfar hefur mikil áhrif á tekjur af vellinum eins og við fengum að kynnast á árinu 2013. Góð aðstaða hefur sitt að segja um aðsókn. Áætlanir um uppbyggingu á aðstöðu og velli munu því vonandi auka tekjur okkar í framtíðinni. .

Eins og gerð er grein fyrir hér að framan eru þeir klúbbar sem við berum okkur saman við með mun hærri tekjur af árgjöldum. Er það tilkomið vegna þess að félagafjöldi fullgreiðandi félaga er þar hærri en auk þess þá hefur GV verið með talsvert lægri árgjöld en þeir klúbbar



sem við berum okkur saman við. Stjórn hefur tekið mikla umræðu um árgjöldin, samanburð við aðra klúbba og þá uppbyggingu sem við erum að fara í á vellinum, aukningu á rekstrarkostnaði m.a. við það að ráða vallarstjóra á starf allt árið og ráðningu golfkennara í hærra starfshlutfall. Allt þetta eykur útgjöld en byggir upp starf klúbbsins bæði gæði og magn þjónustu. Er því gerðar tillögur um hækkun árgjalda en þó þannig að við verðum áfram um 10% undir árgjöldum þeirra klúbba sem við berum okkar saman við og allt að 30 kr. undir árgjaldi hæstu gjalda á höfuðborgarsvæðinu en full árgjöld fjögurra stærstu klúbba eru frá 85.000 – 95.000. Þá hefur GV verið með lágt gjald fyrir yngstu og elstu meðlimi klúbbsins og veitt nýliðum afslátt af gjaldi fyrstu tvö árin. Gert er ráð fyrir að því verði haldið áfram.

Hér má sjá full árgjöld hjá nokkrum klúbbum sem gera út 18 holu golfvelli og eru með heildarstarfsemi í byggðum sveitarfélögum:

|     |        |
|-----|--------|
| GO  | 95.000 |
| GR  | 88.000 |
| GK  | 85.500 |
| GKG | 85.200 |
| GKJ | 80.000 |
| GA  | 74.000 |
| GL  | 71.000 |
| GS  | 70.000 |
| GB  | 67.000 |

Meðaltal 79.500

Gerð er eftirfarandi tillaga að hækkun árgjalda fyrir sumarið 2014.

| Skipting félagsmanna | Gjaldskrá 2013 | Tillaga um breytingu 2014 |
|----------------------|----------------|---------------------------|
| Fullt gjald          | 60.000,-       | 65.000                    |
| Hjón *2              | 108.000,-      | 117.000                   |
| 70.ára +             | 30.000,-       | 32.500                    |
| NL.gj. 1ár           | 35.000,-       | 37.000                    |
| NL.gj. 2.ár          | 35.000,-       | 42.000                    |
| Nemagj. (fullorðnir) | 35.000,-       | 37.000                    |
| Aukaaðild            | 35.000,-       | 40.000                    |
| 14-17 ára            | 20.000,-       | 25.000                    |
| 13 ára og yngri      | 20.000,-       | 25.000                    |

Samkvæmt samþykkt aðalfundar 2009 eru hjónum veittur 10% afsláttur af fullu gjaldi og 70 ára og eldri fá 50% afslátt frá fullu gjaldi.

Heildartekjur vegna árgjalda árið 2013 voru rúmlega 16 milljónir króna og nái þessar tillögur fram að ganga verða heildartekjur af árgjöldum um 18,5 milljónir árið 2014 eða um 28% af áætluðum tekjum klúbbsins.

## Að lokum



Eins og að framan segir þá standur Golfklúbbur Vestmannaeyja mjög vel í dag en mörg krefjandi verkefni eru framundan. Á næstu vikum þurfum við að móta stefnu næstu ára og stefna að því að ljúka endurbótum á velli og aðstöðu tímanlega fyrir Íslandsmót í golfi í Eyjum árið 2018. Fjárframlag Vestmannaeyjabæjar eins og gert er ráð fyrir í áætlunum árin 2014 – 2016 og starf vallarstjóra á ársgrundvelli skapar þar góðan grunn en áfram þurfum við á aðstoð félagsmanna að halda við ýmis verk.

Innra félagsstarfið þarf að efla og auka og er ég sannfærður um að það munum við gera m.a. með bættri æfingaastöðu og auknu starfi golfkennara sem þegar er byrjað að skila nýliðum.

Eins og að framan greinir þá hefur stjórn GV náð eyrum forsvarsmanna Vestmannaeyjabæjar um aðkomu að uppbyggingu á golfvelli okkar í Herjólfssdal og hafa bæjaryfirvöld sýnt nauðsynlegum endurbótum á og við völinn okkar góðan skilning. Auk þess gera allir Eyjamenn sér grein fyrir því aðdráttarafl sem okkar frábæri golfvöllur er fyrir Vestmannaeyjar en góður golfvöllur er mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og skilar tekjum víða í bæjarfélagið. Við alla uppbyggingu hjá GV hefur verið leitast við að skerða ekki hina frábæru náttúru sem við búum við, náttúran og umhverfi vallarins er auk góðra klúbbfélaga dýrmætasta eign GV. Næstu ár verða því vonandi uppbyggingarár sem verða til að bæta aðstöðu kylfinga, bæta unglinga og afreksstarf, fjölga nýliðum og fjölga kylfingum og öðrum sem leggja leið sína til Eyja í golf.

Eins og undanfarin ár verður framkvæmdastjóri í 50% starfshlutfalli í vetur og verður skrifstofa opin virka daga frá 14.00 – 16.00.

Ég vil að lokum þakka, stjórn, félagsmönnum, starfsmönnum og öðrum þeim sem komu að starfi klúbbsins, fyrir þeirra starf fyrir hönd klúbbsins.

Vestmannaeyjum 4. febrúar 2014  
f.h. stjórnar.  
Helgi Bragason, formaður

Myndir í ársskýrslu:  
Úr safni GV  
Óskar Pétur Friðriksson







# GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



## REKSTRAR OG EFNAHAGSREIKNINGUR

Árið 2013

## ÁRITUN STJÓRNAR

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Golfklúbbs Vestmannaeyja koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu klúbbsins í lok reikningsárs 31. desember 2013, reksrarreikningi 1. janúar 2013 – 31. desember 2013 og fjárhagslegri þróun tímabilsins.

Hagnaður að fjárhæð kr. 12,190,650.- var af rekstri Golfklúbbsins á árinu 2013 og er sú fjárhæð færð til hækkunar á óraðstöfuðu eigið fé frá fyrra ári.

Í lok rekstrarársins er eigið fé kr. 144,319,818.-

Innréttingar, vélar og áhöld eru afskrifuð um 15% ári og fasteign um 3%

Stjórn, varastjórn og framkvæmdastjóri Golfklúbbs Vestmannaeyja staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir rekstrarárið 1. janúar 2013 til 31. desember 2013 með undirritun sinni.


### Í stjórn

  
Helgi Bragason

  
Haraldur Óskarsson

  
Hörður Óskarsson

Sigurjón Pálsson




  
Jón Arni Ólafsson

  
Böðvar Bergþórsson

  
Hörður Orri Grettisson

### Framkvæmdastjóri

  
Elsa Valgeirsdóttir

# REKSTRARREIKNINGUR

FRÁ 01/ 01/ 13 TIL 31/ 12/13

| <u>Rekstartekjur</u>                |            | <u>2013</u>       | <u>2012</u>       |
|-------------------------------------|------------|-------------------|-------------------|
| Söluverðmæti.....                   | kr.        | 9.242.328         | 9.593.931         |
| Móta- og vallargjöld.....           | kr.        | 13.854.390        | 17.590.091        |
| Árgjöld.....                        | kr.        | 15.936.000        | 14.217.550        |
| Framlög og styrkir.....             | kr.        | 25.811.769        | 15.720.846        |
| <b>Rekstrartekjur alls</b>          | <b>kr.</b> | <b>64.844.487</b> | <b>57.122.418</b> |
| <br>                                |            |                   |                   |
| <u>Rekstarkostnaður</u>             |            |                   |                   |
| Vörunotkun.....                     | kr.        | 7.852.664         | 8.551.754         |
| Laun og launatengd gjöld.....       | kr.        | 21.643.042        | 17.953.727        |
| Almennur rekstarkostnaður.....      | kr.        | 26.207.878        | 21.944.319        |
| Fyrningar.....                      | kr.        | 4.334.693         | 3.703.536         |
| <b>Rekstrarkostnaður alls</b>       | <b>kr.</b> | <b>60.038.277</b> | <b>52.153.336</b> |
| <br>                                |            |                   |                   |
| <b>Hagnaður fyrir vexti</b>         |            | <b>4.806.210</b>  | <b>4.969.082</b>  |
| <br>                                |            |                   |                   |
| <u>Fjármunatekjur og gjöld</u>      |            |                   |                   |
| Vaxtatekjur .....                   | kr.        | 82.617            | 141.060           |
| Vaxtagjöld og verðbætur.....        | kr.        | -2.698.177        | -3.029.004        |
| <b>Fjármunatekjur og gjöld alls</b> | <b>kr.</b> | <b>-2.615.560</b> | <b>-2.887.944</b> |
| <br>                                |            |                   |                   |
| <u>Aðrar tekjur</u>                 |            |                   |                   |
| Framlag til lækkunar skulda         |            |                   | 5.000.000         |
| Framlag til æfingaskýlis            | kr.        | 10.000.000        | 0                 |
| <b>Aðrar tekjur alls</b>            | <b>kr.</b> | <b>10.000.000</b> | <b>5.000.000</b>  |
| <br>                                |            |                   |                   |
| <b>Hagnaður ársins</b>              | <b>kr.</b> | <b>12.190.650</b> | <b>7.081.138</b>  |



## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. desember 2013

### EIGNIR

2013

2012

#### Veltufjármunir:

|                                |            |                  |                  |
|--------------------------------|------------|------------------|------------------|
| Sjóðir og bankainnistæður..... | kr.        | 4.852.162        | 2.985.614        |
| Viðskiptamenn.....             | kr.        | 951.528          | 1.351.912        |
| Virðisaukaskattur.....         | kr.        | 0                | 4.892            |
| Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja  | kr.        | 800.000          | 800.000          |
| Vörubirgðir.....               | kr.        | 350.000          | 350.000          |
| <b>Veltufjármunir alls</b>     | <b>kr.</b> | <b>6.953.690</b> | <b>5.492.418</b> |

#### Fastafjármunir:

|                            |            |                    |                    |
|----------------------------|------------|--------------------|--------------------|
| Innréttingar.....          | kr.        | 1.942.598          | 2.285.411          |
| Vélar - Golfvöllur.....    | kr.        | 99.382.465         | 98.110.222         |
| Fasteign.....              | kr.        | 75.535.561         | 63.397.466         |
| <b>Fastafjármunir alls</b> | <b>kr.</b> | <b>176.860.624</b> | <b>163.793.099</b> |

**EIGNIR SAMTALS .....** **kr. 183.814.314 169.285.517**

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

### Skammtímaskuldir:

|  |            | 2013             | 2012             |
|--|------------|------------------|------------------|
| Fyrirframinnheimtar tekjur.....        | kr.        | 3.500.000        | 0                |
| Ógreiddir áfallnir vextir.....         | kr.        | 1.962.768        | 437.694          |
| Ógreiddar viðskiptaskuldir.....        | kr.        | 2.396.908        | 2.533.328        |
| Virðisaukaskattur.....                 | kr.        | 16.954           | 0                |
| Næsta árs afborganir langtímalána..... | kr.        | 1.309.676        | 1.358.360        |
| Ógreitt vegna starfsfólks.....         | kr.        | 185.634          | 226.303          |
| <b>Skammtímaskuldir alls</b>           | <b>kr.</b> | <b>9.371.940</b> | <b>4.555.685</b> |

### Langtímaskuldir:

|  |            |                   |                   |
|--|------------|-------------------|-------------------|
| Íslandsbanki Nr. 188599 í ÍSK.....     | kr.        | 31.432.232        | 33.959.024        |
|  | kr.        | 31.432.232        | 33.959.024        |
| Næsta árs afborganir langtímalána..... | kr.        | 1.309.676         | 1.358.360         |
| <b>Langtímaskuldir alls</b>            | <b>kr.</b> | <b>30.122.556</b> | <b>32.600.664</b> |

**Skuldir alls** kr. **39.494.496** **37.156.349**

### Eigið fé

|  |            |                    |                    |
|--|------------|--------------------|--------------------|
| Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári..... | kr.        | 132.129.168        | 125.048.030        |
| Hagnaður ( - tap ) ársins.....         | kr.        | 12.190.650         | 7.081.138          |
| <b>Annað eigið fé alls</b>             | <b>kr.</b> | <b>144.319.818</b> | <b>132.129.168</b> |

**Eigið fé alls** kr. **144.319.818** **132.129.168**

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS.....** kr. **183.814.314** **169.285.517**

# ÁRITUN



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Golfklúbbs Vestmannaeyja, höfum skoðað ársreikning þennan fyrir rekstrartímabilið 1. janúar 2013 til 31. desember 2013 og ekkert fundið athugavert.

Við höfum sannreynt bankainnistæður og yfirfarið skuldastöðu klúbbsins og stemma þessir liðir ársreikningsins.

Með tilliti til góðrar skoðunarvenju teljum við ársreikning þennan gefa glögga mynd af rekstri Golfklúbbs Vestmannaeyja fyrir tímabilið 1. janúar 2013 til 31. desember 2013 og efnahag klúbbsins 31. desember 2013

**Gunnar Gunnarsson**

**Guðni Sigurðsson**



# GOLFKLÚBBUR VESTMANNAEYJA



**REKSTRAR OG EFNAHAGSREIKNINGUR**

**2009 - 2013**



# EFNAHAGSREIKNINGUR 2009 - 2013

## Eignir

|                                    | <u>2.013</u>           | 2012               | Nóv-Des 2011       | 2010-2011          | 2009-2010          |
|------------------------------------|------------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| <b><u>Veltufjármunir:</u></b>      |                        |                    |                    |                    |                    |
| Sjóðir og bankainnistæður..... kr. | 4.852.162              | 2.985.614          | 2.584.612          | 5.518.304          | 4.393.348          |
| Viðskiptamenn..... kr.             | 951.528                | 1.351.912          | 2.062.434          | 10.378.238         | 7.627.586          |
| Euró..... kr.                      | 0                      | 0                  | 0                  | 86.330             | 98.730             |
| Vísa..... kr.                      | 0                      | 0                  | 0                  | 0                  | 63.760             |
| Óinnheimtir vextir..... kr.        | 0                      | 0                  | 0                  | 0                  | 0                  |
| Virðisaukaskattur..... kr.         | 0                      | 4.892              | 28.665             | 7.908              | 49.680             |
| Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja kr.  | 800.000                | 800.000            | 800.000            | 800.000            | 800.000            |
| Vörubirgðir..... kr.               | 350.000                | 350.000            | 350.000            | 350.000            | 350.000            |
| <b>Veltufjármunir alls kr.</b>     | <b>6.953.690</b>       | <b>5.492.418</b>   | <b>5.825.711</b>   | <b>17.140.780</b>  | <b>13.383.104</b>  |
| <b><u>Fastafjármunir:</u></b>      |                        |                    |                    |                    |                    |
| Innréttingar..... kr.              | 1.942.598              | 2.285.411          | 2.688.719          | 2.285.411          | 3.163.199          |
| Vélar - Golfvöllur..... kr.        | 99.382.465             | 98.110.222         | 99.541.437         | 98.110.222         | 100.129.305        |
| Fasteign..... kr.                  | 75.535.561             | 63.397.466         | 62.300.449         | 63.397.466         | 61.119.734         |
| <b>Fastafjármunir alls kr.</b>     | <b>176.860.624</b>     | <b>163.793.099</b> | <b>164.530.605</b> | <b>163.793.099</b> | <b>164.412.238</b> |
| <b>EIGNIR SAMTALS .....</b>        | <b>kr. 183.814.314</b> | <b>169.285.517</b> | <b>170.356.316</b> | <b>180.933.879</b> | <b>177.795.342</b> |

# EFNAHAGSREIKNINGUR 2009 - 2013

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

|   | 2013               | 2012               | Nóv-Des 2011       | 2010-2011          | 2009-2010          |
|---|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| <b><u>Skammtímaskuldir:</u></b>             |                    |                    |                    |                    |                    |
| Skuldir við bankastofnanir kr.              | 3.500.000          | 0                  | 0                  | 0                  | 0                  |
| Ógreiddir áfallnir vextir..... kr.          | 1.962.768          | 437.694            | 7.908              | 453.337            | 108.573            |
| Ógreiddar viðskiptaskuldir..... kr.         | 2.396.908          | 2.533.328          | 2.695.315          | 2.303.959          | 4.322.385          |
| Virðisaukaskattur..... kr.                  | 16.954             | 0                  | 0                  | 0                  | 0                  |
| Næsta árs afborganir langtímalána... kr.    | 1.309.676          | 1.358.360          | 0                  | 1.358.360          | 4.715.131          |
| Ógreitt vegna starfsfólks..... kr.          | 185.634            | 226.303            | 427.783            | 646.034            | 493.421            |
| <b>Skammtímaskuldir alls</b> kr.            | <b>9.371.940</b>   | <b>4.555.685</b>   | <b>3.131.006</b>   | <b>4.761.690</b>   | <b>9.639.510</b>   |
| <b><u>Langtímaskuldir:</u></b>              |                    |                    |                    |                    |                    |
| Íslandsbanki Nr. 865409 í JPY..... kr.      | 0                  | 0                  | 0                  | 0                  | 17.923.801         |
| Íslandsbanki Nr. 865410 í JPY..... kr.      | 0                  | 0                  | 0                  | 0                  | 17.059.643         |
| Íslandsbanki Nr. 865411 í JPY..... kr.      | 0                  | 0                  | 0                  | 0                  | 17.059.643         |
| Íslandsbanki Nr. 865855 í USA.... kr.       | 0                  | 0                  | 0                  | 0                  | 0                  |
| Íslandsbanki Nr. 866252 í CHF.... kr.       | 0                  | 0                  | 0                  | 0                  | 11.500.491         |
| Íslandsbanki Nr. 866671 í CHF.... kr.       | 0                  | 0                  | 0                  | 0                  | 18.037.578         |
| Íslandsbanki Nr. 188559 - ÓVT..... kr.      | 31.432.232         | 33.959.024         | 42.177.280         | 61.070.937         | 0                  |
| kr.   | 31.432.232         | 33.959.024         | 42.177.280         | 61.070.937         | 81.581.156         |
| Næsta árs afborganir langtímalána... kr.    | 1.309.676          | 1.358.360          | 0                  | 0                  | 4.715.131          |
| <b>Langtímaskuldir alls</b> kr.             | <b>30.122.556</b>  | <b>32.600.664</b>  | <b>42.177.280</b>  | <b>61.070.937</b>  | <b>76.866.025</b>  |
| <b>Skuldir alls</b> kr.                     | <b>39.494.496</b>  | <b>37.156.349</b>  | <b>45.308.286</b>  | <b>65.832.627</b>  | <b>86.505.535</b>  |
| <b><u>Eigið fé</u></b>                      |                    |                    |                    |                    |                    |
| Óráðstafað eigið fé frá fyrra ári..... kr.  | 132.129.168        | 125.048.030        | 117.197.118        | 91.289.807         | 91.698.354         |
| Leiðrétt frá fyrra ári og endurmat eigi kr. | 0                  | 0                  | 0                  | -2.095.866         | 0                  |
| Hagnaður ( - tap ) ársins..... kr.          | 12.190.650         | 7.081.138          | 7.850.912          | 25.907.311         | -408.547           |
| <b>Annað eigið fé alls</b> kr.              | <b>144.319.818</b> | <b>132.129.168</b> | <b>125.048.030</b> | <b>115.101.252</b> | <b>90.600.993</b>  |
| <b>Eigið fé alls</b> kr.                    | <b>144.319.818</b> | <b>132.129.168</b> | <b>125.048.030</b> | <b>115.101.252</b> | <b>91.289.807</b>  |
| <b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS</b> kr.      | <b>183.814.314</b> | <b>169.285.517</b> | <b>170.356.316</b> | <b>180.933.879</b> | <b>177.795.342</b> |







